

## Menningarlandið 2009 Ráðstefna um menningu og menningartengda ferðapjónustu



Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra

Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, opnaði ráðstefnuna [Menningarlandið 2009](#) á Stykkishólmi 11. maí síðastliðin og var það hennar fyrsta embættisverk í nýrri ríkisstjórn.

Menntamálaráðherra sagði í opunarávarpi sínu að á stuttum tíma hennar í embætti í síðustu ríkisstjórn hafi hún greinilega orðið þess vör að menningarsamningur við sveitarfélögin hafi hleypt miklu lífi í menningarstarf á landsbyggðinni. Það hefur verið mikil lyftistöng að ráðnir hafa verið menningarfulltrúar á hvert svæði sem hefði umsjón með starfinu og hún hafi ekki fundið annað en að ánægja væri með þetta fyrirkomulag á stuðningi. Á þennan hátt væru fjárframlög til þessara starfa mun markvissari og hafa skiluðu betri árangri.

Fjallað var um reynsluna af menningarsamningum sem ríkisvaldið hefur gert við sjö samtök sveitarfélaga frá árinu 2001 og framtíðarhorfur á þessu sviði. Menningarráð landsbyggðarinnar kynntu einnig starfsemi sína á ráðstefnunni. Starfsemi þeirra byggir á samningum milli ríkis og sveitarfélaga á hverju starfssvæði og er tilgangurinn að efla menningarstarf á landsbyggðinni og stuðla að atvinnusköpun, samvinnu og gæðaþróun á menningarsviðinu.

Fram kom í erindum menningarfulltrúa að menningarsamningarnir hafa skipt sköpum fyrir þau svæði sem þeir ná til og lagt góðan grunn að öflugu menningarlífi og ferðapjónustu.

Ráðstefnan stóð yfir dagana 11. og 12. maí sl. og var á vegum menntamálaráðuneytis, iðnarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við menningarráð landsbyggðarinnar. Þátttakendur voru rúmlega 130 alls staðar af landinu.

### Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla

Nýlega tók gildi reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla. Eins og áður verður prófað að hausti í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk.

Helstu breytingar frá fyrri reglugerðum um samræmd próf eru eftirfarandi:

- 1) Prófum í 10. bekk er fækkað úr sex í þrjú og prófin verða ekki valkvæð fyrir nemendur. Prófað verður að hausti í íslensku, ensku og stærðfræði og skulu allir nemendur 10. bekkjar þreyta prófin. Niðurstaða prófanna hefur ekki lengur áhrif á innritun nemenda í framhaldsskóla.
- 2) Skólastjóra er heimilt að fengnu skriflegu samþykki foreldris eða forráðamanns að veita nemanda undanþágu frá því að þreyta samræmd könnunarpróf ef gildir ástæður mæla með því. Heimild skólastjóra til undanþágu getur m.a. tekið til nemenda með annað móðurmál en íslensku og nemenda í sérskólum og sérdeildum. Áður veitti menntamálaráðuneytið slíkar undanþágur.

Reglugerðin er aðgengileg á [vef menntamálaráðuneytis](#).

### Katrín Jakobsdóttir áfram menntamálaráðherra

Katrín Jakobsdóttir gegnir áfram embætti menntamálaráðherra í nýrri ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs sem tók við 10. maí 2009.

- Hún hefur verið ráðherra frá 1. febrúar sl. er hún tók sæti í [ríkisstjórn](#) undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur. Nánari upplýsingar um Katrínu.
- Á vef Stjórnarráðsins má nálgast [samstarfsyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar](#).

### Katrín Jakobsdóttir nýr samstarfsráðherra Norðurlanda í ríkisstjórn Íslands

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra verður jafnframt samstarfsráðherra í nýrri ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs. Þetta var ákveðið á fyrsta fundi ríkisstjórnarinnar á Akureyri þann 12. maí síðastliðinn.

Eitt fyrsta embættisverk Katrínar í [Norrænu ráðherranefndinni](#) þar sem Íslendingar fara með formennsku á árinu 2009, er að stýra fundi norrænu samstarfsráðherranna í byrjun júní.

### Ályktun samþykkt á ráðstefnunni Menningarlandið 2009

Þátttakendur í ráðstefnunni Menningarlandið 2009, sem haldin var í Stykkishólmi dagana 11. og 12. maí 2009, leggja áherslu á mikilvægi þess að vinna við endurnýjun menningarsamninga verði hraðað sem frekast er unnt þannig að nýir samningar liggi fyrir eigi síðar en í september 2009.

Það samstarf sem komst á með ráðuneytum menningar- og ferðamála og sveitarfélögum með tilkomu menningarsamninganna hefur skilað ótvíræðum árangri í þróun og eflingu menningar, lista og ferðapjónustu í landinu auk þess að stuðla að fjölgun atvinnutækifæra á því sviði. Það er því mikilvægt að endurnýjaðir samningar byggji á þeim grunni sem fyrir er og að áframhaldandi samstarf verði í þeim farvegi sem það nú er.

Við endurnýjun samninganna skal skoðað sérstaklega hvort ástæða sé til að útvíkka umfang þeirra þannig að hugsanlega verði þeir ekki einskorðaðir við úthlutun verkefnastyrkja auk þess að áhersla verði lögð á vinnu við menningarstefnu aðildarsveitarfélaga innan raunhæfra tímamarka.

Menningarlandið 2009 fagnar sérstaklega þeirri áherslu stjórnvalda á menningarmál sem komin er fram með skilgreiningu ráðuneytis mennta- og menningarmála.

